

2005 nr. 132 20. desember**Lög um fjarskiptasjóð¹⁾**¹⁾ *Lögin falla úr gildi í árslok árið 2022 skv. 9. gr., sbr. l. 96/2017, 47. gr.*

Tóku gildi 30. desember 2005. *Breytt með* l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 179/2011 (tóku gildi 30. des. 2011), l. 126/2016 (tóku gildi 1. jan. 2017 nema 1., 2., c-liður 8., 9., 18., r-liður 19., 20., 22.–24., 28., 29., 41., 58., 60. og 61. gr. sem tóku gildi 31. des. 2016, s-liður 19. gr. sem tók gildi 1. apríl 2017 og 10. gr. sem tók gildi 1. sept. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 62. gr.), l. 96/2017 (tóku gildi 31. des. 2017 nema 1., 11., 13., 14., 17.–27., 31.–35. og 38.–46. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2018; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 49. gr.) og l. 53/2018 (tóku gildi 22. júní 2018).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra** eða **samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Fjarskiptasjóður.

□ Stofna skal sérstakan sjóð, fjarskiptasjóð, sem hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar. Sjóðurinn er eign ríkisins. Varsla hans og dagleg umsýsla heyrir undir [ráðuneytið].¹⁾

¹⁾ *L. 126/2011, 411. gr.***■ 2. gr. Hlutverk.**

□ Hlutverk sjóðsins er að úthluta fjármagni til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa fjarskipta, verkefna sem stuðla að öryggi og samkeppnishæfni þjóðfélagsins á sviði fjarskipta og annarra verkefna, enda sé kveðið á um þau í fjarskiptaáætlun, og ætla má að ekki verði í þau ráðist á markaðsforsendum.

■ 3. gr. Stjórn.

□ [Ráðherra skipar þrjú menn í stjórn fjarskiptasjóðs, þar af formann og varaformann, auk varamanna. Skipunin gildir til þriggja ára í senn.]¹⁾

□ Stjórn sjóðsins skal hafa yfirumsjón með fjármálum fjarskiptasjóðs í samræmi við hlutverk sjóðsins. Stjórn sjóðsins [skal]²⁾ skila skýrslu um starfsemi sjóðsins til [ráðherra]³⁾ sem leggur hana fyrir Alþingi til upplýsingar.

¹⁾ *L. 179/2011, 1. gr.* ²⁾ *L. 53/2018, 12. gr.* ³⁾ *L. 162/2010, 245. gr.***■ 4. gr. Fjármögnun verkefna.**

□ Stjórnin ákveður framlög úr sjóðnum í samræmi við hlutverk sitt og fjarskiptaáætlun og semur greiðsluáætlun þar um innan heimilda fjárlaga. Stjórnin getur sett nánari reglur um framkvæmd einstakra verkefna, þar á meðal um faglegt eftirlit með verkefnum og framvindu þeirra. Stjórnin getur ákveðið tilfærslu fjármuna milli ára og/eða einstakra verkefna ef nauðsyn krefur.

■ 5. gr. Umsýsla og eftirlit.

□ Þeir sem fá úthlutað fé úr fjarskiptasjóði skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar.

□ [Ríkisendurskoðun annast árlega endurskoðun reikninga sjóðsins.]¹⁾

¹⁾ *L. 179/2011, 2. gr.***■ 6. gr. Tekjur.**

□ Tekjur fjarskiptasjóðs eru framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis og tekjur af ávöxtun fjármuna sjóðsins.

□ [Tekjur ríkissjóðs sem til eru komnar vegna gjalda fyrir afnot af tíðnum, sem lögð eru á samkvæmt heimild í lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, skulu renna í fjarskiptasjóð.]¹⁾

¹⁾ *L. 179/2011, 3. gr.***■ 7. gr. Kostnaður af rekstri.**

□ Fjarskiptasjóður ber allan kostnað af starfsemi sinni . . .¹⁾

¹⁾ *L. 179/2011, 4. gr.***■ 8. gr. Reglugerðarheimild.**

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að kveða nánar á um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara með reglugerð.²⁾

¹⁾ *L. 162/2010, 245. gr.* ²⁾ *Rg. 870/2014.***■ 9. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. [Lög þessi falla úr gildi í árslok árið [2022],¹⁾ inneign sjóðsins eftir uppgjör verkefna við þau tímamót rennur í ríkissjóð.]²⁾

¹⁾ *L. 96/2017, 47. gr.* ²⁾ *L. 179/2011, 5. gr.*